

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 18.01.2018
Erindi 201712244/50.13 uvi

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. þskj. 27-27. mál.

Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. þskj. 27-27. mál var tekið til umfjöllunar á 1338. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar fyrr í dag.

Bæjarráð styður framkomnar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sérstaklega er lögð áhersla á skipun starfshóps sem endurskoði reglur um fjárhagsaðstoð IV.kafla líkt og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið. Ennfremur er lögð áhersla á að lög um málefni aldraðra verði endurskoðuð og tekin verði afstaða til útvíkkaðrar stuðningsþjónustu annars vegar og heilbrigðis- og öldrunarþjónustu hins vegar. Auk þess verði ábyrgðarsvið ríkis og sveitarfélaga í sambandi við akstursþjónustu aldraðra skýrt, hlutverk sveitarfélaga skilgreint og þjónustan kostnaðarmetin.

Þá er lögð áhersla á skipun samráðsnefndar sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun og kostnaði við félagsþjónustu næstu ár. Skipun nefndarinnar og hlutverk verði tryggt með lagastoð.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

